



GOLFKLÚBBUR

MOSFELLSBÆJAR

Golfklúbbur Mosfellsbæjar
Skýrsla stjórnar starfsárið 2021

Aðalfundur 9. desember 2021

Rekstur GM

Rekstur GM gekk vel á árinu. Hagnaður ársins nam rúmum 17 milljónum króna fyrir framlag Mosfellsbæjar. Þetta er mjög svipað og var í fyrra og er gott að sjá að reksturinn er orðinn stöðugur sem gefur okkur færi á því að fjárfesta í þeim fjölmörgu verkefni sem liggja fyrir á okkar vallarsvæðum.

Starf stjórnar

Á aðalfundi í desember 2020 var þáverandi stjórn endurkjörin en hana skipa:

Kári Tryggvason – Formaður
Ragnheiður Ríkharðsdóttir – Varaformaður
Auður Ósk Þórisdóttir – Gjaldkeri
Írunn Ketilsdóttir – Ritari
Steinþór Pálsson – Meðstjórnandi
Siggeir Pálsson – Meðstjórnandi
Guðjón Karl Þórisson – Meðstjórnandi

Sú breyting var gerð á lögum klúbbsins á síðasta aðalfundi að stjórnarfolk, fyrir utan formann er kosið til tveggja ára í senn. Er það gert með það að markmiði að tryggja stöðugleika innan stjórnar sem er virkilega mikilvægt fyrir okkar starf og starfsfólkið okkar.

Haldnir voru 14 formlegir og bókfærðir stjórnarfundir á árinu og þar að auki fjöldi óformlegra funda og samtala milli stjórnarfólks.

Vallarsvæðin

Hlíðavöllur kom virkilega vel undan vetri og opnuðum við inn á sumarflatir þann 1. maí. Bakkakot var aðeins seinna til, en þar var opnað inn á sumarflatir 8. maí. Ástand okkar valla í sumar var virkilega gott og er það okkar upplifun að félagsmenn hafi verið sáttir með ástand valla. Það er að sjálfsögðu alltaf hægt að gera betur og munum við sem fyrr leggja mikinn metnað í að halda völlum í eins góðu ástandi og




kostur er hverju sinni. Við fengum líkt og í fyrra mikið af góðum athugasemdum í viðhorfskönnuninni sem við sendum út um miðjan nóvember um hvað mætti gera betur og munum við svona sannarlega taka tillit til þeirra athugasemda. Það er stjórn og starfsfólki

mikilvægt að okkar félagar séu dugleg að láta okkur vita hvað vel er gert og hvað má gera betur.

Veðurfarið í sumar var svona upp og niður en það stoppaði okkar kylfinga ekki og á okkar völlum voru alls leiknir 54.389 hringir. Það er talsverð aukning í leiknum hringjum á vallahvæðum GM sem er mjög ánægjulegt.

Leiknir hringir á árinu 2021



Leiknir hringir á árinu 2020 voru samtals 48.416 og í ár voru leiknir hringir 54.389. Aukning milli ára eru 5.973 hringir eða 12%.

Félagsstarf

Með tilkomu okkar glæsilegu íþróttamiðstöðvar hafa opnast ýmsir möguleikar fyrir félagsmenn og viljum við svo sannarlega auka það starf yfir vetrarmánuðina. Við opnuðum tvo nýja og fullkomna Trackman golfherma og vorum þeir mjög vel nýttir síðastliðinn vetur. Einnig er góð aðstaða til þess að slá í net og pútta og það var oft á tíðum mjög líflegt á neðri hæðinni í Klett. Covid hefur því miður ekki yfirgefið okkur ennþá og við höfum því þurft að búa við ýmsar skerðingar á innanhússstarfinu okkar en vonandi fer nú að sjá fyrir endann á þessari veiru og við þá fullnýtt þá aðstöðu sem við höfum.



Þjálfarar GM leggja metnað í félagsstarf hjá barna- og unglíngahópum. Öflugt íþróttastarf ber ávöxt!

Á nýju ári munum við fara af stað með púttkvöld karla og kvenna þar sem við ætlum að gefa vel í og vonandi fjölmenna okkar kylfingar á þessi púttkvöld. Einnig ætlum við okkur að setja upp golfmót í Trackman hermunum okkar sem verða auglýst betur í byrjun árs.

Það hefur verið mikil aukning í barna og unglingastarfinu okkar og erum við þess viss að bætt inniaðstaða spilar þar inn í. Okkar krakkar voru einstaklega dugleg við að nýta sér aðstöðuna okkar síðastliðinn vetur hvort sem það var til æfinga, hitta vinina, hlusta á fyrirlestra ásamt ýmsu öðru. Það sást svo í sumar hversu mikilvæg þessi aðstaða eru okkur þar sem árangur okkar kylfing í sumar var virkilega góður eins og kemur fram hér á eftir í skýrslu íþróttastjóra.

Framkvæmdir á árinu

Nú er byggingu íþróttamiðstöðvarinnar formlega lokið og lokaúttekt hefur farið fram. Það var ýmislegt sem þurfti að laga og betrumbæta auk þess sem komið er að ýmsu viðhaldi eins og alltaf er til staðar.

Byggðir voru tveir nýir teigar í lok árs, nýr hvítur teigur á 13. braut og svo nýr rauður teigur á 11. braut. Gerum við ráð fyrir því að taka þá í notkun ekki síðar en í meistaramóti næsta árs. Einnig var hafist handa við grunnvinnu vegna tilfærslu teiganna á 8. braut og mun sú vinna hald áfram í vetur og verða þeir fullkláraðir næsta vor.

Síðastliðinn vetur fór illa með uppbyggingu nýrrar flatar á 4. braut, og því þurfti að slétta hana alla aftur í vor og sá í að nýju. Tókst það mjög vel og það var komið ansi þétt gras, sérstaklega í sjálfa flötina þegar hún fór inn í veturinn. Við vonumst til þess að geta spilað inn á þessa nýju flöt í lok júní á næsta ári.

Við mótun á svæði milli 16. og 17. brauta á Hlíðavelli fengum við því miður ekki nægilega gott efni og við þurfum því að fá betra efni ofan á það sem fyrir er svo hægt sé að slétta það almennilega og sá í. Verður svæðið lagfært í vetur svo hægt verði að sá í það næsta vor/sumar, ásamt því að aspir verða gróðursettar í þetta svæði.





Mikil ánægja félagsmanna með nýja salernisaðstaða við 8. teig á Hlíðarvelli.

Sett var upp salernisaðstaða á fyrri níu holum Hlíðavallar sem var mjög þörf aðgerð og léttir mörgum lífið út á golfvelli.

Æfingaaðstaða á Hlíðarvelli

Æfingasvæðið á Hlíðarvelli fékk talsverða upplyftingu, bætt við 10 mottum og eru þær nú 25 talsins. Kassarnir með boltunum voru fjarlægðir í staðinn kom fullkomin boltavél. Byggt var hús í kringum hana og nú geta okkar félagar gengið að því vísu að fá hreina og góða bolta á æfingasvæðinu.



Bakkakot

Í Bakkakoti var skálinn tekinn í gegn og allt útisvæðið málað. Munum við halda áfram með lagfæringar/snyrtingar í kringum klúbbhúsið ásamt uppbyggingu vallarins.

Tom Mckenzie golfvallarhönnuður hélt áfram með sínu vinnu varðandi breytingu vallarins í Bakkakoti, en sú vinna hófst fyrir um 8 árum og hefur legið niðri síðan þá. Tom kom til landsins síðastliðið haust og sendi okkur nýverið sínar hugmyndir að breytingum sem eru til þess ætlaðar að gera Bakkakotsvöll að enn betri golfvelli en hann er í dag ásamt því að halda ennþá í sín sérkenni. Við munum nota næstu mánuði til þess að fullvinna þessa hönnun og áætlanir varðandi það hvernig þessi vinna verður unnin og á hversu löngum tíma. Ætla má að það geti tekið 3 til 5 ár að fullklára þessar breytingar.



Eins og sjá má var komið að viðhaldi í Bakkakotinu

Félagafjöldi

Félögum í GM fjölgaði þó nokkuð á árinu og taldi í lok sumars 1.972. Það er mikið gleðiefni að sjá hvað aukningin er mikil hjá 18 ára og yngri en það eru 368 krakkar í þeim hóp.

Gerðist það í fyrsta sinn núna í ár að það myndaðist biðlisti og því ljóst að það er mikil og góð aðsókn í klúbbinn okkar.

Það er okkur mikilvægt að passa upp á að það sé ávallt gott framboð af rástímum og teljum við að það hafi tekist vel í sumar. Við viljum prófa okkur áfram og sjá hvar okkar mörk í félagafjölda liggja. Vonum við svo sannarlega að það sé upplifun okkar félaga að hér sé gott aðgengi að rástímum.

Á myndunum hér að neðan má sjá hvernig félagar í GM skiptast á milli kynja, aldurshópa og forgjafar.

Virk eftir kyni og aldurshópi *			
Aldurshópur	Kona	Karlar	Samtals
0-6 ár	3	6	9
7-12 ára	37	119	156
13-18 ára	64	139	203
19-24 ára	16	135	151
25-39 ára	50	281	331
40-59 ára	220	398	618
60-69 ára	121	199	320
70 ára og eldri	61	123	184
Samtals	572	1400	1972

Virk eftir kyni og forgjafarhópi *			
Forgjafarhópur	Kona	Karlar	Samtals
Hópur 1: Lægri en 4,5	8	51	59
Hópur 2: 4,5-11,4	12	118	130
Hópur 3: 11,5-18,4	27	216	243
Hópur 4: 18,5-26,4	56	333	389
Hópur 5: 26,5-36,0	127	244	371
Hópur 6: 37-54	342	437	779
Samtals	572	1399	1971

Starfsmenn GM

Starfsmenn GM á árinu voru 33 þegar mest lét nú í sumar. Hjá GM eru 8 starfsmenn í heilsársstarfi.

Ágúst Jensson, framkvæmdastjóri
Davíð Gunnlaugsson, íþróttastjóri
Stuart Mitchinson, vallastjóri
Dagur Einarsson, PGA golfþjálfari,
Grétar Eiríksson, PGA golfþjálfari
Pétur Leó Hraunsson, vélamaður
Felix Starke, aðstoðar vallarstjóri
Björn Morthens, Bakkakoti.

Umsvif okkar hafa aukist umtalsvert síðastliðin tvö ár, þessari aukningu fylgir einnig umtalsvert meiri vinna fyrir okkar starfsmenn og höfum við því verið að fjölga heilsársstöðugildum sem og sumarstarfsfólki. Á komandi starfsári munum við bæta við einu heilsársstöðugildi á skrifstofu klúbbsins ásamt því að fjölga sumarstarfsfólki á golfvöllum okkar. Ætlun okkar er að ráða til starfa fyrir næsta sumar garðyrkjufræðing sem mun einbeita sér að alhliða snyrtingu á okkar golfsvæðum og styðja þannig við bakið á vallarstarfsfólkinu. Við viljum viðhalda góðu þjónustustigi fyrir okkar félagar ásamt því að vera með golfvelli í fremstu röð á Íslandi. Með þessari fjölgun starfsmanna erum við þess fullrúð að við munum ná því.

Veitingasala

Undir lok síðasta árs hættu þeir Karl Ómar Jónsson og Jón Óskar Karlsson sem vertar hjá GM, en þeir höfðu séð um rekstur Blik undanfarin tvö ár. Reksturinn þessi tvö ár var langt í frá að vera auðveldur þar sem covid hefur verið að gera okkur lífið leitt og erfitt að reka veitingahús með þeim annmörkum sem hér hafa verið í að verða tvö ár. Samstarfið við þá feðga var virkilega gott og þökkum við þeim kærlega fyrir og óskum þeim velfarnaðar í því sem þeir taka sér fyrir hendur.

Í þeirra stað komu GM félagarnir Einar Gústavsson og Ólafur Björn Guðmundsson, en þeir tóku við rekstrinum í byrjun september síðastliðinn. Hlökkum við til samstarfsins við þá félagar.

Mótahald

Engin breyting varð á mótanefnd á liðnu ári, en hana skipa Snorri Hlíðberg Kjartansson, Helgi Pálsson, Gísli Karel Eggertsson og Viðar Sveinbjörnsson.

Dómarar eru Sigurður Geirsson, Davíð Baldur Sigurðsson og Einar Már Hjartarson.

Einn bekkur var smíðaður á síðasta ári og var hann settur við rauðan teig á braut 17.

Rétt eins og golfklúbburinn, hefur starf mótanefndar þroskast og þróast í gegnum árin og má segja að undirbúningur og vinna við mót gangi eins og smurð vél í samstarfi við starfsmenn klúbbsins, dómara og aðra þá sem að þeim koma.

Klúbbfélagar og aðrir þátttakendur í mótum eru orðnir vanir því að ræsing fer fram við austurenda klúbbhúss enda hentar sá staðar mjög vel því stundum er ræst út á fyrsta og tíunda teig á sama tíma. Það er þó ekki meitlað í stein að svo verði alltaf.



Margir eru sammála því að á meistaramótum nær félagsstarfið hámarki.

Mótahald gekk vel, bæði á smærri sem stærri mótum. Með mjög fáum undantekningum skráir fólk skorið strax í golf-appið, enda mun þægilegra en að skrifa á pappír. Leikhraði er vinsælt umræðuefni en nú höfum við fengið góða reynslu af því hvaða brautir það eru sem helst verða tafir á og því betur fylgst með á þeim.

Mótahald í sumar var með eðlilegu sniði, meistaramótið okkar er ávallt hápunktur sumarsins og gekk það mjög vel þar sem veðrið lék við okkur. Var það umtalað á meðan að á móti stóð að veðrið hafa sjaldan eða aldrei verið jafn gott alla keppnisdagana.



Falleg sveifla og fallegur klæðnaður. Flestum ef ekki öllum félagsmönnum í GM ætti að vera kunnugt um hefð klúbbsins að á meistaramóti mæta þátttakendur í gömlum klæðnaði á lokadegi.

Einnig fór fram á Hlíðavelli Íslandsmót unglunga í högggleik sem gekk virkilega vel, það er alltaf gaman að taka á móti bestu krökkum/unglingum landsins og okkar krakkar í GM náðu þar flottum árangri.

Mótanefnd þakkar starfsfólki klúbbsins, sjálfbóðaliðum, félagsmönnum og gestum kærlega fyrir gott viðmót á liðnu starfsári.

Fyrir hönd mótanefndar, Gísli Karel Eggertsson

Vallarnefnd

Sumarið í ár hefur verið mjög gott til að rækta og viðhalda golfvöllum klúbbsins. Það fór virkilega vel af stað með góðum vinnudegi þar sem í kringum 100 manns mættu og létu hendur standa fram úr ermum.

Hlíðavöllur kom mjög vel undan vetri og opnuðum við inn á sumarflatir þann 1. maí, viku fyrr en árið áður. Bakkakot kom líka vel undan vetri og var opnað þar inn á sumarflatir 8. maí.



Ástand vallanna okkar í sumar var virkilega gott og er það okkar upplifun að félagsmenn hafi verið sáttir með ástand vallanna. Tilkoma nýs vökvunarkerfis á hluta Hlíðavallar sannaði gildi sitt. Auðveldara var að halda teigum og flötum mýkri ásamt vinnusparnaði. Það er að sjálfsgöðu alltaf hægt að gera betur og munum við sem fyrr leggja mikinn metnað í að halda völlum í eins góðu ástandi og kostur er hverju sinni.

Ráðist var í stórt verkefni s.l. vetur með uppsetningu á hólum á milli 16. og 17. brautar. Lögun hólanna er mjög góð en því miður fengum við ekki nógu gott efni og var ákveðið að bíða frosts í jörðu til að láta leggja nýtt lag ofan á þá svo hægt sé að sá í hólana næsta vor. Í kjölfarið verður svo gengið frá umhverfi þeirra svo sómi sé að.

Seinni part ágúst mánaðar hófst vinna við að byggja upp nýja teiga. Þessir teigar eru bæði rauðir og hvítir og tilgangur þeirra er að bæta aðkomu að braut fyrir þá sem spila rauða teiga og lengja völinn fyrir þá sem spila hvíta.

Það sem olli okkur mestu vandræðunum þetta sumarið var enn einu sinni vélakostur klúbbsins. Hann er kominn til ára sinna og er bæði viðhaldsfrekur og bilanagjarn. Lentum við t.d. í langvarandi bilun með "röffvélina" sem olli því að ekki var hægt að slá röffið í tvær vikur. Stjórn klúbbsins sýnir þessu mikinn skilning og endurnýjum við vélarnar okkar á næsta ári.

Bakkakot hefur því miður aðeins setið eftir á meðan við höfum verið að byggja upp Hlíðavöll. Nú stefnir í að við séum að komast á skrið í Bakkakoti og munum við einnig kynna á aðalfundinum tillögur frá Tom Mackenzie, golfvallarhönnuði, hans hugmyndir að breytingum á Bakkakoti. Okkur sýnist að við ættum að geta byrjað strax í vor að byggja upp nýjar flatir

og teiga. Verkið verður svo unnið á nokkrum árum svo hægt sé að spila völinn á meðan honum er breytt.

Fyrir utan þessi verkefni sem talin eru upp hér fyrir ofan og mörg önnur minni verk sem hafa verið framkvæmd og hjálpa til við að koma völlum okkar á hærra stig hafa starfsmenn unnið hörðum höndum við að slá og viðhalda völlum og tækjum í allt sumar.

Vallarnefnd þakkar öðrum félagsmönnum og starfsmönnum klúbbsins fyrir ánægjulegt samstarf og hlakkar til að takast á við ný verkefni á nýju ári.

F.h vallanefndar, Einar Már Hjartarson



Kvennastarf

Í GM er öflugt kvennastarf þar sem allar konur eru hvattar til að taka þátt, bæði nýliðar sem lengra komnar. Kvennastarfið þetta árið hófst með púttkvöldi þann 19. janúar og urðu púttkvöldin samtals tíu. Konur úr klúbbnum hittust á þriðjudagskvöldum milli klukkan 19:15 og 21:00 og spiluðu tvo 18 holu hringi. Þátttaka var almennt góð sem og stemningin í hópnum. Verðlaun voru veitt fyrir efstu þrjú sætin en bestu sex skiptin töldu.

Frá 11. maí hittust konur einnig á þriðjudögum, ýmist í Bakkakoti eða á Hlíðavelli og spiluðu saman. Af og til var spilið brotið upp með ýmis konar leikjum eða keppni. Farið var í róna, leik með óvæntu tvisti, keppni á milli holla og fleira skemmtilegt. Er það okkar von að enn fleiri konur eigi eftir að taka þátt í þessu starfi með okkur á komandi árum. Þetta er góður félagsskapur GM kvenna og það er mikilvægt fyrir okkar að sem flestar taki þátt. Viljum við sérstaklega hvetja nýjar GM konur til þess að mæta með okkur. Á þessum dögum er kjörið tækifæri fyrir okkur að hittast og spila með með öðrum en þeim sem við spilum vanalega með.



Í samstarfi við GKG var haldið vinkvennamót þar sem spilað var einn dag á Hlíðavelli og annan á Leirdalsvelli. Einnig var skipt á rástímum við Leyniskonur á Akranesi.

Komið var upp fallegu fuglatré þar sem konur skráðu fugla sumarsins. Í lok sumars var fugladrottning, fuglaprinsessa og fuglabarónessa krýndar og einnig voru útdráttarverðlaunum.

Farið var í haustferð á Strandarvöll á Hellu. Þar var að sjálfsögðu spilað golf, borðaður matur og síðan var sumarið gert upp með mörgum og veglegum verðlaunum.

Í nefndinni síðasta ár voru Auður Björk Þórðardóttir, Stefanía Ósk Þorsteinsdóttir og Kristín Inga Guðmundsdóttir. Kristín heldur áfram á næsta ári ásamt Báru Einarsdóttur, Eygerði Helgadóttur og Lindu Hersteinsdóttur.



Skýrsla Íþróttastarfs GM 2021

Árið 2021 gekk vel í íþróttastarfi Golfklúbbs Mosfellsbæjar. Mikill fjöldi barna og unglunga stundaði skipulagðar æfingar hjá klúbbnum og var fjölgunin töluverð á milli ára. Ásókn í sumarnámskeið var góð en þar kynnast börn golfi í fyrsta sinn. Mikil fjölgun var á okkar kylfingum í mótum á vegum GSÍ og er það mikið ánægjuefni.

Þjálfarar í íþróttastarfinu í ár voru þeir Davíð Gunnlaugsson, Dagur Ebenezerðsson og Grétar Eiríksson. Valdís Þóra Jónsdóttir kom einnig að þjálfun afrekskylfinga. Á haustmánuðum kom Andri Ágústsson inn í þjálfarateymið hjá GM.



Yfir 200 einstaklingar 18 ára og yngri æfa hjá Golfklúbbi Mosfellsbæjar yfir sumartímann. Yfir vetrartímann eru um 100 iðkendur á skipulögðum æfingum.

Frábær árangur náðist í mótum sumarsins og sennilega er árið 2021 besta ár GM í keppnisgolfi. GM eignaðist fjöldann allan af íslandsmeisturum og margir kylfingar úr GM voru valdir til þátttöku í landsliðsverkefnum. Hérna fyrir neðan er farið betur yfir árangur ársins:

Íslandsmeistaratitlar og viðurkenningar árið 2021

- Íslandsmeistarar golfklúbba í flokki stúlkna 18 ára og yngri
- Íslandsmeistari karla í holukeppni: Sverrir Haraldsson
- Íslandsmeistari stúlkna í holukeppni: Katrín Sól Davíðsdóttir
- Íslandsmeistari stúlkna í högggleik: María Eir Guðjónsdóttir

Stigameistaratitlar

- Stigameistari stúlkna: María Eir Guðjónsdóttir

Viðurkenningar

- Íþróttamaður Mosfellsbæjar 2020: Kristófer Karl Karlsson



Meistaramót barna og unglinga

Meistaramót barna og unglinga fór fram dagana 27. – 29. júní. Börn 12 ára og yngri léku í Bakkakoti en 13-16 ára á Hlíðavelli. Góð þátttaka var í mótinu og urðu verlaunahafar eftirfarandi.



Drengir 10 ára og yngri

1. Ásgeir Páll Baldursson
2. Helgi Þór Guðjónsson
3. Jóel Elí Guðjónsson

Stúlkur 10 ára og yngri

1. Elva Rún Rafnsdóttir
2. Brynhildur Ylfa Þóroddsdóttir

Drengir 12 ára og yngri

1. Grétar Logi Gunnarsson
Bender
2. Jóhannes Þór Gíslason
3. Ólafur Harald Grétarsson

Stúkur 12 ára og yngri

1. Andrea Líf Líndal
2. Helena Rut Ingvarsdóttir

Drengir 13-14 ára

1. Áspór Sigur Ragnarsson
2. Kristján Karl Guðjónsson
3. Arnar Dagur Jónsson



Stúlkur 13-14 ára

1. Eva Kristinsdóttir
2. María Rut Gunnlaugsdóttir
3. Dóra Þórarinsdóttir

Drengir 15-16 ára

1. Oliver Thor Hreiðarsson
2. Hrafnkell Logi Reynisson

Stúlkur 15-16 ára

1. Berglind Erla Baldursdóttir
2. Sara Kristinsdóttir
3. Heiða Rakel Rafnsdóttir



Meistaramót GM



Frábær þátttaka var í Meistaramót GM í ár og keppnin var hörð í öllum flokkum. Klúbbmeistarar GM urðu þau Björn Óskar Guðjónsson og Nína Björk Geirsdóttir. Björn Óskar var að vinna í fyrsta sinn en Nína hefur sigrað alls 17 sinnum. Björn Óskar setti glæsilegt vallarmet á lokadegi þegar hann lék Hlíðavöll á 65 höggum.

Úrslit í Meistaramót GM urðu eftirfarandi:

Meistaraflokkur karla

1. Björn Óskar Guðjónsson
2. Theodór Emil Karlsson
3. Ragnar Már Ríkarðsson

Meistaraflokkur kvenna

1. Nína Björk Geirsdóttir
2. Arna Rún Kristjánsdóttir
3. Kristín Sól Guðmundsdóttir



1. flokkur karla

1. Eypór Ágúst Kristjánsson
2. Elvar Ingi Hjartarson
3. Guðjón Ármann Guðjónsson

1. flokkur kvenna

1. Rut Marsibil Héðinsdóttir
2. Sara Jónsdóttir
3. Edda Herbertsdóttir

2. flokkur karla

1. Ingvar Haraldur Ágústsson
2. Sigurður Snædal Júlíusson
3. Jón Þorsteinn Hjartarson

2. flokkur kvenna

1. Dagný Þórólfsdóttir
2. Agnes Ingadóttir
3. Andrea Jónsdóttir

3. flokkur karla

1. Gunnlaugur Júlíusson
2. Emil Viðar Eypórsson
3. Finnur Bjarnason

3. flokkur kvenna

1. Harpa Iðunn Sigmundsdóttir
2. -3. Kristín Inga Guðmundsdóttir
2. -3. Jóhanna Hreinsdóttir

4. flokkur karla

1. Gunnar Guðmundsson
2. -3. Hafþór Theodórsson
2. -3. Davíð Júlíusson

4. flokkur kvenna

1. Eygerður Helgadóttir
2. Fanney Sjöfn Sveinbjörnsdóttir
3. Anna Margrét Th. Karlsdóttir



5. flokkur karla

1. Þórmundur Helgason
2. Ingþór Guðmundsson
3. Elvar Magnússon

50+ karlar

1. Þórhallur G. Kristvinsson
2. Skúli Baldursson
3. Páll Ólafsson

50+ konur

1. Arna Kristín Hilmarisdóttir
2. Laila Ingvarsdóttir
3. Karólína Margrét Jónsdóttir

70+ karlar

1. Bragi Jónsson
2. Þorkell Einarsson
3. Gunnar Valberg Andr sson

65+ konur

1. Hrefna Birgitta Bjarnadóttir
2. Hildur Skarph  insd  ttir
3.   sthildur J  nsd  ttir



Áskorendamótaröð GSÍ



Áskorendamótaröðin er mótaröð fyrir þau börn og unglinga sem eru að stíga sín fyrstu skref í keppnisgolfi. Í ár áttum við hjá GM 32 keppendur í heild sem léku á Áskorendamótaröð unglinga sbr 22 keppendur árið 2020. Fjölgun kylfinga frá GM á Áskorendamótaröðinni er því 45% á milli ára sem er frábær þróun.

Okkar kylfingar stóðu sig með stakri þrýði og er framtíðin björt hjá GM



Unglingamótaröð GSÍ

Eins og undanfarin ár stóðu okkar kylfingar sig afar vel á Unglingamótaröð GSÍ. Þátttaka okkar kylfinga var mjög góð en í heild sinni léku 34 kylfingar frá GM á Unglingamótaröðinni en árið 2020 voru þátttakendur 27 frá Golfklúbbi Mosfellsbæjar. Afar margar ungar og efnilegar stúlkur eru hjá GM og voru GM stúlkur afar áberandi á verðlaunapalli í öllum mótum ársins.

Verðlaunahafar frá GM á Unglingamótaröð GSÍ

Unglingamótaröðin (1) – GHR

Stúlkur 14 ára og yngri

1. Eva Kristinsdóttir

Stúlkur 15-16 ára

2. Sara Kristinsdóttir
3. Berglind Erla Baldursdóttir

Stúlkur 17-18 ára

1. Katrín Sól Davíðsdóttir
2. María Eir Guðjónsdóttir



Unglingamótaröðin (2) – GKG

Stúlkur 14 ára og yngri

3. Eva Kristinsdóttir

Stúlkur 15-16 ára

3. Berglind Erla Baldursdóttir

Stúlkur 17-18 ára

1. María Eir Guðjónsdóttir
2. Katrín Sól Davíðsdóttir



Drengir 17-18 ára

1. Aron Ingi Hákonarson

Unglingamótaröðin (3) – GA

Stúlkur 14 ára og yngri

3. Eva Kristinsdóttir

Stúlkur 15-16 ára

2. Sara Kristinsdóttir
3. Berglind Erla Baldursdóttir

Stúlkur 17-18 ára

2. María Eir Guðjónsdóttir
3. Katrín Sól Davíðsdóttir

Drengir 19-21 árs

1. Arnór Daði Rafnsson

Íslandsmót unglunga í holukeppni

Stúlkur 14 ára og yngri

2. Eva Kristinsdóttir

Stúlkur 15-16 ára

2. Sara Kristinsdóttir
3. Berglind Erla Baldursdóttir

Stúlkur 17-18 ára

1. Katrín Sól Davíðsdóttir
2. María Eir Guðjónsdóttir

Íslandsmót unglunga í högggleik

Stúlkur 14 ára og yngri

2. Eva Kristinsdóttir

Drengir 15-16 ára



2. Oliver Thor Hreiðarsson


Stúlkur 15-16 ára

2. Berglind Erla Baldursdóttir

Stúlkur 17-18 ára

1. María Eir Guðjónsdóttir

2. Katrín Sól Davíðsdóttir



GSÍ mótaröðin

Alls léku 29 kylfingar frá GM á mótaröð þeirra bestu árið 2021, 20 karlar og 9 konur. Körlum fjölga um 1 og konum um 2 og því heildarfjöldun GM kylfinga á mótaröð þeirra bestu 12%.

Árangur okkar kylfinga var góður en þar stendur upp úr Íslandsmeistaratitill Sverris Haraldssonar en hann varð Íslandsmeistari í holukeppni eftir spennandi keppni.

Hérna fyrir neðan má sjá árangur kylfinga úr GM:

GSÍ mótaröðin (1) – Hlíðavöllur

Karlaflokkur

3. Kristófer Karl Karlsson
6. Sverrir Haraldsson

Kvennaflokkur

9. María Eir Guðjónsdóttir

GSÍ mótaröðin (2) – Garðavöllur

Karlaflokkur

3. Kristófer Karl Karlsson
10. Sverrir Haraldsson

Kvennaflokkur

6. María Eir Guðjónsdóttir
9. Sara Kristinsdóttir

GSÍ mótaröðin (3) – Hólmsvöllur

Karlaflokkur

3. Ingi Þór Ólafson
8. Sverrir Haraldsson



Kvennaflokkur

6. María Eir Guðjónsdóttir
8. Kristín Sól Guðmundsdóttir

Íslandsmót í holukeppni

Karlaflokkur

1. Sverrir Haraldsson
5. Kristján Þór Einarsson

Kvennaflokkur

5. Arna Rún Kristjánsdóttir

GSÍ mótaröðin (5) – Hvaleyrarvöllur

Karlaflokkur

7. Sverrir Haraldsson
9. Andri Már Guðmundsson

Kvennaflokkur

2. Kristín Sól Guðmundsdóttir
4. Arna Rún Kristjánsdóttir

Íslandsmótið í golfi – Jaðarsvöllur

Kvennaflokkur

9. Nína Björk Geirsdóttir
10. María Eir Guðjónsdóttir



Íslandsmót golfklúbba

Eitt af stærstu verkefnum ársins er Íslandsmót golfklúbba. Keppt er í öllum aldursflokkum, frá 12 ára og yngri upp í 65 ára og eldri. Hérna fyrir neðan er farið yfir árangur okkar liða í Íslandsmóti golfklúbba 2021.

Meistaraflokkar

Karla- og kvennasveit GM léku í 1. deild eins og undanfarin ár. Mótið var leikið hjá GM og GR við frábærar aðstæður.



Karlasveit GM

Björn Óskar Guðjónsson

Dagur Einarsson

Ingi Þór Ólafsson

Kristján Þór Einarsson

Kristófer Karl Karlsson

Ragnar Már Rikharðsson

Sverrir Haraldsson

Theódór Emil Karlsson

Liðsstjóri: Eyjólfur Kolbeins

Þjálfari: Davíð Gunnlaugsson

Líkamleg þjálfun: Grétar Eiríksson



Hjá karlasveit GM gekk ekki eins vel og vonir stóðu til og lentu þeir í erfiðleikum á fyrsta keppnisdegi á Korpunni. Eftir tvo jafna og spennandi leiki sem enduðu með tapi var liðið komið í erfiða stöðu. Sveitin sýndi mikinn karakter og vann síðustu 3 leikina á heimavelli og hafnaði að lokum í 6. sæti. Svekkjandi niðurstaða en frábær endurkoma hjá leikmönnum GM.

Kvennasveit GM

Arna Rún Kristjánsdóttir
Berglind Erla Baldursdóttir
María Eir Guðjónsdóttir
Hekla Daðadóttir
Katrín Sól Davíðsdóttir
Kristín Sól Guðmundsdóttir
Nína Björk Geirsdóttir
Sara Kristinsdóttir

Liðsstjóri: G. Kristinn Stefánsson
Þjálfari: Davíð Gunnlaugsson
Líkamleg þjálfun: Grétar Eiríksson



Kvennasveit GM stóð sig afskaplega vel í mótinu og léku til úrslita gegn liði GR. Ungt lið GM sigraði alla leiki sína í riðlinum með yfirburðum og lék til undanúrslita gegn GKG. Eftir góðan sigur tók við krefjandi leikur gegn GR í úrslitum.

Leikurinn var afar jafn og spennandi og úrslitin réðust ekki fyrr en á 18. holu. Frábær frammistaða hjá okkar stúlkum sem eru staðráðnar í að ná bikarnum í Mosfellsbæinn árið 2021!



Unglingaflokkar

Íslandsmót golfklúbba í unglingaflokkum var leikið í lok júní. Leikið var í flokki 18 ára og yngri á frábærum Garðavelli á Akranesi og í flokkum 15 ára og yngri á Strandarvelli á Hellu.

GM átti í heildina 5 keppnissveitir í mótinu og stóðu þær sig allar með stakri þrýði.

Stúlkur 18 ára og yngri

Berglind Erla Baldursdóttir
Eydís Arna Róbertsdóttir
Katrín Sól Davíðsdóttir
María Eir Guðjónsdóttir
Sara Kristinsdóttir

Í flokki 18 ára og yngri varð stúlnasveit GM Íslandsmeistari golfklúbba eftir frábæra frammistöðu.

Sveit GM sigraði alla sína leiki með gríðarlegum yfirburðum og lyfti Íslandsmeistarabikarnum verðskuldað.

Þess má geta að sveit GM sigraði alla leiki sína 3-0 og töpuðu því ekki stökum leik. Stórkostleg frammistaða hjá okkar stúlkum.



Drengir

18 ára og yngri

Alexander Aron Tómasson
Aron Ingi Hákonarson
Kjartan Sigurjón Kjartansson
Oliver Thor Hreiðarsson
Tristan Snær Viðarsson

Piltasveit GM 18 ára og yngri lék einnig vel á Akranesi og sigraði að lokum Golfklúbb Akureyrar í leik um 3. sætið. Flottur árangur hjá okkar drengjum.



Stúlkur 15 ára og yngri

Í flokki 15 ára og yngri léku tvær stúlknasveitir fyrir GM .A sveit stúlkna lék til úrslita gegn sterku liði GR. Úrslitaleikurinn var afar spennandi en GR sigraði að lokum, 2-1. Frábær frammistaða hjá okkar stúlkum.

A-sveit

Ásdís Eva Bjarnadóttir
Dagbjört Erla Baldursdóttir
Eva Kristinsdóttir
Heiða Rakel Rafnsdóttir
María Rut Gunnlaugsdóttir

B-sveit

Ásdís Rún Hrafnhildardóttir
Birna Steina Bjarnþórsdóttir
Dóra Þórarinsdóttir
Elísabet Jónsdóttir
Elísa Rún Róbertsdóttir
Ísabella Björt Þórsdóttir



Í flokki 15 ára og yngri léku tvær stúlknasveitir fyrir GM .A sveit stúlkna lék til úrslita gegn sterku liði GR. Úrslitaleikurinn var afar spennandi en GR sigraði að lokum, 2-1. Frábær frammistaða hjá okkar stúlkum.

Stúlknasveit B stóð sig afar vel en þar voru sumar að stíga sín fyrstu skref í Íslandsmóti golfklúbba. Þær höfðu að lokum í 7. sæti og sigruðu í C riðli.



Drengir 15 ára og yngri

Áspór Sigur Ragnarsson
 Bjartur Orri Jóhannesson
 Haukur Helgi Þorvaldsson
 Hrafnkell Logi Reynisson
 Leó Róbertsson
 Kristján Karl Guðjónsson

Lið drengja 15 ára og yngri
 hafnaði í 8. sæti af alls 15
 sveitum. Flott frammistaða
 sem þeir byggja á til
 framtíðar en margir voru að
 stíga sín fyrstu skref í
 Íslandsmóti golfklúbba.



12 ára og yngri

Í Íslandsmóti golfklúbba 12 ára og yngri sendum við 3 sveitir til leiks

Sveit 1

Grétar Logi
Andrea Líf
Ólafur Harald
Ásgeir Páll
Jóhannes Þór
Helena Rut

Sveit 2

Pálmi Þór
Tómas Ingi
Max
Brynjar Ernir

Sveit 3

Kristófer
Grettir Þór
Styrmir
Ari
Gísli

Í flokki 12 ára og yngri er leikið eftir skemmtilegu fyrirkomulagi þar sem leiknar eru 9 holur í hverri umferð með Texas Scramble högggleiks fyrirkomulagi. Okkar ungu og efnilegu kylfingar stóðu sig afar vel og voru bæði sjálfum sér og GM til mikils sóma.



Öldungaflokkar

Karlar 50 ára og eldri

Karlasveit GM lék í 2. deild sem fram fór í Vestmannaeyjum dagana 20. – 22. ágúst. Lið GM skipuðu eftirfarandi kylfingar:

Ásbjörn Þ. Björgvinsson
Eypór Ágúst Kristjánsson
Halldór Friðgeir Ólafsson
Halldór Magni Þórðarson
Haraldur V. Haraldsson
Ingvar Haraldur Ágústsson
Jónas Heiðar Baldursson
Kári Tryggvason
Victor Viktorsson

Sveit GM hafnaði í 6. sæti í mótinu og leikur í 2. deild að ári.



Konur 50 ára og eldri

Kvennasveit GM léku í efstu deild en leikið var í Sandgerði. Lið GM skipuðu eftirfarandi kylfingar:

Auður Ósk Þórisdóttir
Arna Kristín Hilmarsdóttir
Agnes Ingadóttir
Dagný Þórólfsdóttir
Edda Herbertsdóttir
Guðný Helgadóttir
Írunn Ketilsdóttir
Rut Marsibil Héðinsdóttir

Sveit GM hafnaði í 6. sæti í mótinu og tryggði sér áframhaldandi þátttökurétt í efstu deild kvenna.



Karlar 65 ára og eldri

Í fyrsta sinn var leikið í flokki 65 ára og eldri. Lið GM skipuðu eftirfarandi kylfingar:

Bragi Jónsson
Gunnar Albert Traustason
Kjartan Ólafsson
Kristinn L. Aðalbjörnsson
Sigurður Geirsson
Sigurður Óskar Waage
Snorri Hlíðberg Kjartansson
Svanberg Guðmundsson

Sveit GM hafnaði í 6. sæti af 10 liðum.



Landsliðsverkefni

Á haustmánuðum var valið landslið Íslands fyrir árið 2022. 8 kylfingar frá GM eru í landsliði GSÍ, 2 drengir og 6 stúlkur. Enginn klúbbur á eins margar stúlkur í landsliðshóp GSÍ og er það mikið fagnaðarefni. Eftirtaldir kylfingar frá GM eru í landsliðshóp fyrir árið 2022:

Karlalandslið

Kristófer Karl Karlsson
Sverrir Haraldsson

Kvennalandslið

Eva Kristinsdóttir
Berglind Erla Baldursdóttir
Katrín Sól Davíðsdóttir
María Eir Guðjónsdóttir
Pamela Ósk Hjaltadóttir
Sara Kristinsdóttir

Á árinu sem er að líða tóku GM kylfingar þátt í margvíslegum landsliðsverkefnum og er hérna að neðan farið yfir þau verkefni sem kylfingar frá GM tóku þátt í.



Evrópumót landsliða

Eftirfarandi GM kylfingar léku fyrir hönd Íslands á Evrópumótum landsliða.

Karlalandslið Íslands



Karlalandslið Íslands lék í efstu deild á PGA Catalunya á Spáni

- Kristófer Karl Karlsson
- Sverrir Haraldsson



Stúlknalandslið Íslands



Stúlknalandslið Íslands lék í efstu deild á Montado vellinum í Porúgal

- Berglind Erla Baldursdóttir
- Katrín Sól Davíðsdóttir
- María Eir Guðjónsdóttir
- Sara Kristinsdóttir

Þjálfari: Davíð Gunnlaugsson



Piltalandslið Íslands



Piltalandslið Íslands lék í 2. deild í Eistlandi

- Aron Ingi Hákonarson



Einstaklingsverkefni

Kristófer Karl Karlsson lék á Opna Breska áhugamannamótinu og í Evrópumóti einstaklinga.

Kristófer komst í gegnum niðurskurð að loknum högggleik í Opna Breska áhugamannamótinu en datt úr leik í holukeppninni.

Bæði þessi mót eru á meðal sterkustu áhugamannamóta Evrópu og mikill heiður fyrir Kristófer að fá þátttökurétt.




- *Davíð Gunnlaugsson*
Íþróttastjóri GM

Viðhorfskönnun GM félaga.

Í lok nóvember sendum við út viðhorfskönnun til GM félaga. Það er mikilvægt að okkar félagsmenn hafi sinn vettvang til þess að segja sína skoðun og benda okkur á það sem gera má betur og einnig það sem vel er gert. Við fengum fína svörun í þessari könnun og hér má sjá helstu niðurstöður. Það var gaman að sjá að það er heilt yfir áframhaldandi ánægja með með starf GM sem og okkar golfvelli. Stjórn og starfsmenn klúbbsins leggja mikið upp úr því og við reynum ávallt okkar allra besta að koma til móts við okkar félaga með eins góðum hætti og mögulegt er. Hér að neðan eru helstu niðurstöður könnunarinnar og viljum við þakka þeim fjölmörgu félögum sem gáfu sér tíma í að svara kærlega fyrir.


Vinsamlegast gefðu eftirfarandi þáttum á HLÍÐAVELLI einkunn, þar sem 1 er lágsta einkunn og 5 er hæsta einkunn.

Answered: 228 Skipped: 5




Vinsamlegast gefðu eftirfarandi þáttum í BAKKAKOTI einkunn, þar sem 1 er lágsta einkunn og 5 er hæsta einkunn.

Answered: 231 Skipped: 2




Vinsamlegast leggðu mat á eftirfarandi þætti í ÞJÓNUSTU STARFSMANNA GM í afgreiðslu í KLETTI, þar sem 1 er lágsta einkunn og 5 er hæsta einkunn.

Answered: 233 Skipped: 0




Vinsamlegast gefðu eftirfarandi þáttum um ÆFINGASVÆÐI Hlíðavallar einkunn, þar sem 1 er lægsta einkunn og 5 er hæsta einkunn.

Answered: 227 Skipped: 6




Inniæfingaaðstaðan ásamt golfhermum var tekin í notkun á þessu ári hjá okkur. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með aðstöðuna?

Answered: 227 Skipped: 6




Vinsamlegast leggðu mat á eftirfarandi þætti í starfsemi BLIK Bistro. 1 er lægsta einkunn og 5 er hæsta einkunn

Answered: 230 Skipped: 3



Vinsamlegast leggðu mat á eftirfarandi þætti í starfsemi VEITINGASÖLU OG AFGREIÐSLU Í BAKKAKOTI. 1 er lægsta einkunn og 5 er hæsta einkunn

Answered: 229 Skipped: 4



Lokaorð.

Nú er skemmtilegu ári að ljúka hjá okkur í GM. Við höfum haldið áfram með þá miklu uppbyggingu sem við fórum af stað með í byrjun árs 2020 og vonum svo sannarlega að þið séuð ánægð með þá vinnu sem hér fer fram.

Hlíðavöllur skartaði sínu fegursta í sumar og var virkilega ánægjulegt að heyra fjölmarga félagsmenn tala um í hversu góðu standi hann var og hvað það væri ánægjulegt að sjá áframhaldandi framfarirnar á gæðum vallarins. Við lentum í vandræðum seinni hluta sumars með röffslátt þar sem okkar röffvélar eru orðnar ansi slappar enda um 20 ára gamlar. Það stendur allt til bóta og munum við fjárfesta í nýjum vélum fyrir næsta sumar. Það var einnig mikil jákvæðni með Bakkakot í sumar og er það okkar markmið að báðum okkar völlum sé gert jafn hátt undir höfði. Við munum halda áfram að leggja mikinn metnað í alla umgjörð í kringum vellina sem og annað starf og er það okkar markmið að GM sé og verði ávallt í fremstu röð golfklúbba á Íslandi.

Fjölgun félagsmanna hélt áfram í sumar og er klúbburinn orðinn fullur eins og staðan er í dag. Þetta er mikil breyting fyrir marga félagsmenn sem hafa verið með okkur í fjölmörg ár en þessi fjölgun meðlima styrkir stoðir klúbbsins og gefur okkur auknar tekjur sem við nýtum til þess að gera aðstöðuna enn betri en hún er í dag.

Klúbburinn er rekinn með góðum hagnaði sem gerir það að verkum að við getum fjárfest í okkar innviðum án þess að bæta mikið við skuldir klúbbsins. Rekstrarniðurstaðan er svipuð og í fyrra þar sem mikill viðsnúningur varð á okkar rekstri. Erum við þess fullviss að við séum í dag á góðum stað, rekstrargrundvöllur GM er orðinn virkilega góður. Við horfum björtum augum fram veginn og erum full tilhlökkunar, því framtíð GM er sannarlega björt.

Stjórn GM vill sérstaklega þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem koma að starfi GM. Einnig viljum við þakka þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem styrkja okkar góða starf kærlega fyrir samstarfið.

Ég vil svo þakka stjórn fyrir ánægjulegt og gott samstarf.

Að lokum viljum við svo þakka okkar starfsfólki fyrir einstaklega gott samstarf á árinu.

Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbs Mosfellsbæjar.

Kári Tryggvason, formaður.



Golfklúbbur Mosfellsbæjar
Æðarhöfða 36 - 270 Mosfellsbær
566 6999
golfmos@golfmos.is
golfmos.is